

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorpgjald heimila er kr. 58.100. Sorpgjald fristundahúsa er kr. 18.100, miðað við að þjónusta er ekki veitt að vetri til (1. október – 30. apríl). Sorpgjald búrekstrar er 110 kr. fyrir hverja sauðkind, 450 kr. fyrir hvert hross, 615 kr. fyrir hvert svín og 630 kr. fyrir hvern nautgrip.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 28. nóvember 2019 er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi og fellur á sama tíma úr gildi gjaldskrá nr. 33/2019 fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

Samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 með síðari breytingu hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá þann 28. desember 2019.

Hörgársveit, 28. desember 2019.

Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. janúar 2020